

SAMANTEKT VEGNA TILLÖGU AÐ BREYTINGUM Á SAMÞYKKTUM SORPSTÖÐVAR SUÐURLANDS BS.

Á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS) þann 24. október 2025 voru samþykktar tillögur stjórnar sem varða breytingu á umgjörð og rekstri SOS. Á fundinum var samþykkt að hefja vinnu við undirbúning breytinga á samþykktum SOS vegna eftirfarandi breytinga sem nú eru lagðar fyrir aukaaðalfund SOS þann 16. janúar 2026 til samþykktar:

Liður 1

- Breytingar á rekstri og starfsemi SOS þar sem daglegur rekstur og faglegt starf SOS verði falið SASS á grundvelli samnings þess efnis. Stjórnarmönnum fækkað úr 5 í 3.

Lagðar eru til breytingar á gr. 3.1 og 3.3 í samþykktum SOS vegna þessa liðar. Til að draga úr umfangi starfseminnar er lagt til að reglulegir aðalfundir verði aflagðir og þess í stað verði aðalfundur haldinn eftir þörfum eftir ákvörðun stjórnar eða ef eitt eða fleiri aðildarsveitarfélög krefjast þess. Ef slíkur fundur verði haldinn skuli hann að jafnaði fara fram samhliða aðalfundi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).

Framangreindu til samræmis eru lagðar til breytingar á ákvæðum gr. 3.3, 3.7, 4.1, 6.1, 6.3, 7.2-3 og 8.1-3 þar sem tekið er m.a. mið af því að ýmis verkefni aðalfundar falla eftir breytinguna í verkahring stjórnar. Þar sem þörf er á er gert ráð fyrir því að tiltekna ákvarðanir stjórnar um málefni byggðasamlagsins séu lagðar fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar. Taka slíkar breytingartillögur til atriða sem varða m.a. dagskrá aðalfunda séu þeir haldnir, meðferðir fjárhagsáætlana, heimild til samningagerðar, úrgöngu úr byggðasamlaginu og slít byggðasamlagsins ásamt breytingum á samþykktum.

Þar sem talið er fara betur á því í daglegri starfsemi SOS og vegna tilfærslu daglegra starfa SOS inn í starfsemi SASS er lagt til í gr. 3.1 samþykktanna að ýmist formaður stjórnar eða framkvæmdastjóri SASS hafi prókúrumboð fyrir byggðasamlagið, en slíkt umboð sé ekki bundið við einvörðungu formanninn.

Jafnframt er í gr. 3.1. í samþykktunum lögð til sú breyting að stjórn SOS skuli skipuð 3 aðalmönnum og 3 varamönnum í stað 5 og að stjórnin skuli að jafnaði skipuð fulltrúum aðildarsveitarfélaga sem fari samtímis jafnframt með stjórnarsetu í SASS. Síðastgreind breyting er sett fram í því augnamiði að auka samfellu og samlegðaráhrif í stjórnarstörfum SASS og SOS og nauðsynlegt upplýsingaflæði þar á milli.

Liður 2

- Tímabundin ráðning starfsmanns til 1 árs hjá SASS á kostnað SOS.

Heimild til ráðningarinnar er nú þegar að finna í ákvæði 5.3 í samþykktum byggðasamlagsins og er á forræði stjórnar. Sé um fjölgun stöðugilda að ræða skal stjórn tryggja aukin útgjöld séu samþykkt af hálfu aðildarsveitarfélaganna áður en starfsmaður er ráðinn. Á aukaaðalfundi SOS þann 16. janúar er þessu til samræmis lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2026.

Liður 3

- Færa inn heimild í samþykktir SOS til þess að leggja ákvarðanir um endurgreiðslu fjárframlaga til aðildarsveitarfélaga fyrir aðalfund til samþykktar, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Lögð er til breyting á gr. 6.1 í samþykktum byggðasamlagsins þar sem færð er inn heimild stjórnar til að leggja fyrir aðildarsveitarfélögin ákvörðun m endurgreiðslu ónýtttra fjárframlaga til þeirra ef fjárhagsáætlun og uppgjör skv. staðfestum ársreikningi undanfarandi árs leiðir til þeirrar niðurstöðu að slíkt væri unnt. Gert er ráð fyrir að komi til endurgreiðslu fjárframlaga þá deilist hún niður á aðildarsveitarfélögin í samræmi við eignarhlutföll þeirra í byggðasamlaginu. Lagt er til að ákvörðun um endurgreiðslu fjárframlaga skv. ákvæðinu fari í sama farveg hjá aðildarsveitarfélögum SOS og viðauki við fjárhagsáætlun hjá sveitarfélögunum almennt.

Lagt fyrir aukaaðalfund SOS 16. janúar 2026.